

## **DRÖG !!**

### **Erindisbréf fyrir Samgöngu- og fjarskiptanefnd**

Samgöngu- og fjarskiptanefnd Kjósarhrepps er skipuð af sveitarstjórn Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrjú fulltrúar og jafn margir til vara. Einn fulltrúi skal vera hreppsnefndarmaður. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

Formaður boðar fundi með dagskrá. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Rita skal fundargerð nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina og hún send til birtinar á heimasíðu Kjósarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa

Hlutverk nefndarinnar er að:

- Vinna að bættum samgöngum og betri vegum í Kjósarhreppi
- Vera álitsgjafi varðandi snjómokstur, söltun vega o.þ.h.
- Vinna að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Kjósarhrepp
- Vinna að bættum fjarskiptum í hreppnum, bæði farsíma- og netsambandi
- Fjalla um þau mál er sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni
- Nefndin geti tekið ákveðin mál og vísað til hreppsnefndar

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps og tekur gildi .....